

Þingsályktun

um samstarfsverkefni Alþingis og Hins íslenska bókmenntafélags í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands.

Alþingi ályktar að ganga til samstarfs við Hið íslenska bókmenntafélag um útgáfu tveggja ritverka:

- verks um Þingvelli í íslenskri myndlist,
- nýs yfirlitsverks um sögu íslenskra bókmennta frá landnámi til 21. aldar.

Alþingi ályktar enn fremur að styðja útgáfuna fjárhagslega með árlegum fjárveitingum þar til verkefnunum er lokið, á grundvelli sammings sem gerður verði þar um milli forsætisnefndar fyrir hönd Alþingis og Hins íslenska bókmenntafélags og mennta- og menningarmálaráðuneytið staðfesti.

Samþykkt á Alþingi 17. júlí 2018.